

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

16. fundur stjórnar starfstímabilið 2011-2013

Haldinn 11. febrúar 2013 á Ásvöllum hjá Knattspyrnufélaginu Haukum.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Sigurjón Andersen (KK), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Kristín Pétursdóttir (SH), Þórarinn Sófússon (GSE), Viðar Halldórsson (FH) og Magnús Gunnarsson (Haukar). Forföll: Kristján Geir Mathiesen (AÍH), Írena Óskarsdóttir (BH), Arnar Geirsson (Bjartur), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Sigurður Ævarsson (Sörli) og Anders Már Þráinsson (SÍH).

1. Starfsskýrslur ÍSÍ

Félögin minnt á að skila starfsskýrslum inn í Felix félagakerfi ÍSÍ fyrir 15. apríl nk. Starfsskýrslan inniheldur iðkenda- og félagatal, upplýsingar um núverandi stjórn og lykiltölur úr ársreikningi síðasta rekstrarárs. Ef sérstakar aðstæður koma upp og félög geta ekki haldið skilafrest á starfsskýrslum geta þau sótt um skilafrest til skrifstofu ÍSÍ en í samráði við íþróttabandalagið. Félög eru beðin um að vanda skil á upplýsingum inn í Felixinn. Gögnin eru notuð áfram bæði af ÍSÍ og íþróttabandalaginu til að sýna stærðina á íþróttahreyfingunni, iðkendafjölda á bakvið hverja íþróttagrein, fjármál íþróttahreyfingarinnar o.m.fl. Gögnin eru mikilvæg bæði fyrir ÍSÍ og íþróttabandalagið til að geta rekið mál íþróttahreyfingarinnar gagnvart opinberum aðilum og haldið til haga þróun hreyfingarinnar undanfarin ár og áratugi.

2. Lífshlaupið, heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ 2013

Minnt á verkefnið sem er haldið í sjötta sinn. Fjölgun þátttakenda hefur verið mikil á milli ára. Félögin beðin um að hvetja sem flesta til þátttöku og hafa í huga að viðburðurinn er árlegur.

3. Bréf frá ÍSÍ frá 14. janúar sl, þar sem bent er á leiðbeinandi efni á heimasíðu ÍSÍ um hvert er hægt að leita ef grunur um kynferðislegt ofbeldi eða annars konar ofbeldi kemur upp

Efni um viðbragðsáætlun er undir vefslóðinni

<http://www.isi.is/fraedsla/vidbragdsaaetlun/>. Efni um kynferðislegt ofbeldi eða annars konar ofbeldi er undir vefslóðinni <http://www.isi.is/fraedsla/forvarnir/kynferdislegt-ofbeldi>.

4. Hugmyndir að tillögum og málum fyrir Íþróttaping ÍSÍ

ÍBH á 6 fulltrúa á Íþróttapingunni. Lagt var til að framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri fari fyrir hönd ÍBH á Íþróttaping ÍSÍ sem verður haldið 19. og 20. apríl nk. og eru það 5 fulltrúar. Lagt var til að Ragnar Hilmarsson frá Siglingaklúbbnum Þyt yrði sjötti fulltrúinn og var það samþykkt. VH stakk upp á sameiningu ÍSÍ og UMFÍ sem tillögu frá ÍBH fyrir Íþróttapingið.

5. Hugmyndir að tillögum og málum fyrir þing ÍBH

Félögin beðin um að senda allar tillögur og mál fyrir þing ÍBH til skrifstofu ÍBH.

6. Umræður um framkvæmd þings ÍBH

Stefnt að því að hafa pappírslaut þing. Skrifstofa ÍBH er að taka saman hverjir verða lykilstarfsmenn, formenn fastanefnda og fastamenn í nefndum á þinginu. Fá Halldór Árna Sveinsson frá fjölmiðladeild Flensborgarskólans til að vera með lifandi myndefni úr íþróttahreyfingunni í hádegishléi þingsins. Ræða við Hafnarfjarðarbæ um móttöku í lok þingsins.

7. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá Íþróttakademíu Keilis um námskeið í styrktarþjálfun fyrir hjólreiðafólk með Harvey Newton 19. – 20. janúar 2013.
- b). Bréf frá Karatesambandi Íslands um karateþing laugardaginn 16. febrúar í Íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.
- c). Bréf frá Siglingasambandi Íslands um siglingaþing 23. febrúar í Íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.
- d). Fréttabréf félags áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) janúar 2013.
- e). Bréf frá Íþróttasambandi fatlaðra um Sambandsþing ÍF sem verður haldið 9. mars á Radisson SAS Blu Saga Hótel í Reykjavík.
- f). Bréf frá ÍSÍ um vorfjarnám 2013 í þjálfaramenntun 2. stigs sem hefst mánudaginn 18. febrúar nk.
- g). Boðskort frá Skautasambandi Íslands á opunarhátíð Norðurlandamóts 2013 í Egilshöll fimmtudaginn 31. janúar.
- h). Bréf frá Körfuknattleikssambandi Íslands um þing sambandsins sem fer fram 15. og 16. mars nk í Íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík.
- i). Bréf frá Íþróttasambandi fatlaðra um norrænt barna- og unglingamót sem fer fram mánaðarmótin júlí – ágúst 2013 í Danmörku.
- j). Kynningarbæklingur frá Kine academy janúar 2013.
- k). Bréf frá Sundsambandi Íslands um sundþing í Ásvallalaug 22. – 23. febrúar nk.
- l). Bréf frá ÍSÍ um hádegisfund ÍSÍ og HÍ mánudaginn 18. febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal um afreksíþróttir barna og unglinga – hvað ræður, efniviður eða líkamlegur þroski?

8. Önnur mál

- a). SA greindi frá aðalfundi Kvartmíluklúbbsins sem fór fram laugardaginn 9. febrúar sl. Fjárhagsleg staða félagsins er orðin jákvæð. Félagið er að framkvæma viðhald og endurbætur á íþróttasvæðinu fyrir eigið fé. Íþróttastarf félagsins var gott síðast liðið ár.
- b). ÞS sagði frá aðalfundi Golfklúbbsins Setbergs sem var haldinn 29. janúar sl. Félagið stóð fyrir heilmiklum framkvæmdum á síðasta ári, gróðursettu tré, malbikuðu fyrir 1-2 milljónir og gerðu nýtt æfingarsvæði. Næst verður fjárfest í vélum. Félagsmönnum fjölgaði mikið í sumar voru orðnir 430 í lok sumarsins.
- c). RH frá Þyt talaði um aðalfund Siglingaklúbbsins Þyts sem var haldinn mánudaginn 28. janúar sl. Á fundinum urðu formannskipti, Ragnar Hilmarsson er aftur tekinn við formennsku í félaginu, að öðru leyti er sama stjórn, en breytingar á störfum innan stjórnar. Fjárhagur félagsins er í lagi, en félagið skuldar smávegis. Félagið er að setja upp eldhús í félagsaðstöðu sinni.
- d). MG framkvæmdastjóri Hauka var með ítarlega kynningu á félaginu og starfsemi á Ásvöllum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.15

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir